

Heilbrigðisráðuneytið
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Reykjavík, 31. janúar 2021
21011342/0.4.1/khn

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/2018, um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur (nikótínvörur).

Samkvæmt frumvarpinu eru lagðar til breytingar á 8. gr. laga um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur nr. 87/2018 og lagt til að hámarksmagn af nikótíni í hverri einingu af vöru geti mest verið 20 mg. Ráðherra verði veitt heimild til að kveða á um fyrirkomulag mælinga og eftirlits með því að heimildir um stærð, styrkleika og innihaldsefni nikótínvara séu virtar.

Í greinargerð með frumvarpinu er tekið dæmi um tóbakslausu nikótínþúða þar sem hámarks nikótínmagn í stökum þúða mætti mest vera 20 mg. Vísað er til hámarksmagns af nikótíni í rafrettuvökva sem er 20 mg/ml samkvæmt gildandi lögum um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur nr. 87/2018 og í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/40/ESB.

Embætti landlæknis telur að skýra þurfi betur hámark nikótíns í hverri einingu af vöru eins og gert er með hlutfalli af nikótíni í rafrettuvökva í gildandi lögum um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur eða 20 milligröm í millilítra.

Bent er á að dæmið sem tekið er í greinargerð miðast við hámark nikótíns í einum tóbakslausum nikótínþúða. Á markaði gæti verið algengt að slíkur tóbakslaus nikótínþúði vegi í kringum eitt gram. Þetta þarf hins vegar ekki að vera raunin í öllum tilvikum og gæti ein eining vöru verið lítið annað en þau 20 mg af nikótíni sem tilgreint er sem hámark nikótíns í einni einingu af vöru samkvæmt frumvarpinu. Þá er mikilvægt að tryggja að vörur á markaði séu þannig úr garði gerðar að þær lágmarki áhættu á eitrunaráhrifum, t.d. þar sem börn innbyrða vörur sem innihalda nikótín. Slíkar hættur aukast þegar söluvara inniheldur lítið eða ekkert annað en 20 mg af nikótíni.

Embætti landlæknis fagnar því að ráðherra verði veitt svigrúm til að fjalla um þessi og skyld atriði í reglugerð varðandi heimild og fyrirkomulag mælinga en tryggja þarf virkt og reglubundið eftirlit með að ákvæðum frumvarpsins sé framfylgt verði það að lögum.

Virðingarfyllst,

Kjartan Hreinn Njálsson
aðstoðarmaður landlæknis